

HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2016, mánudaginn 25. apríl 2016 kl. 15:00, var haldinn 140. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var að þessu sinni haldinn í Tjarnarsal í Ráðhúsi Reykjavíkur við Tjarnargötu. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson formaður, Sandra Berg Cepero, Bjarni Jónsson, Kristín Elfa Guðnadóttir, Einar Sörli Einarsson í forföllum Elínar Engilbertsdóttur og Sigurður Þórðarson áheyrnafulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Hildur Arna Gunnarsdóttir frá Íbúasamtökum Laugardals, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðst. Laugardals og Háaleitis og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri þekkingarmiðstöðvar á PLH sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins Stefán Agnar Finnsson

Þetta gerðist:

1. Steinhlið. Lagt fram erindi dags. 29. mars frá foreldraráði leikskólans Steinhliðar þar sem lýst er áhyggjum af umferðaröryggi á leikskólalóðinni og beiðni um aðstoð hverfisráðsins við að koma í framkvæmd endurbótum á bílastæðum við leikskólann. Í janúar 2015 var nýtt hús tekið í notkun og börnum og starfsfólki fjölgað. Foreldraráð telur að í upphafi og lok dags myndist öngþveiti á bílastæðinu og óásættanlegt hættuástand.

Gestur fundarins undir þessum lið er Stefán Agnar Finnsson frá USK.

- Kl. 15:15 Kristín Elfa tekur sæti á fundinum
- Kl. 15:20 Einar Sörli tekur sæti á fundinum

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að afla upplýsinga um samkomulag milli rekstraraðila leikskólans, Sumargjafar og borgarinnar um byggingu leikskólans, bílastæði og innkeyrslu. Í framhaldi af því leggur hverfisráð til að haldinn verði fundur með hagsmunaaðilum og fulltrúum hverfisráðsins.

Stefán Agnar fór yfir tillögur að ófrágengnum verkefnalista um úrbætur í umferðaröryggismálum í hverfinu og gerir hverfisráð ráð fyrir að fá samþykktan lista til umsagnar.

- Kl. 16.02 Stefán Agnar vísar af fundinum.

2. Grensásvegur 1 – breyting á deiliskipulagi.
Hverfisráð gerir ekki athugasemdir við tillöguna.
3. Secret Solstice. Rætt um að samkvæmt auglýsingum er nú gert ráð fyrir að hátíðin standi í 4 daga. Samkvæmt upplýsingum frá USK hefur ekki verið veitt leyfi fyrir fjórða deginum. Hverfisráð gerir kröfu um að fá málið til umsagnar áður en leyfið verður veitt. Framkvæmdastjóra falið að koma þessu á framfæri.
4. Hverfissjóður. Umsóknir um styrki úr sjóðnum. Laugarnes á ljúfum nótum kr. 150.000 og Laugarnesskóli 80 ára afmælishátíð. 780.000. Samþykkt að veita Laugarnesi á ljúfum nótum kr. 150.000 og kr. 60.000 til leigu á sviðspöllum ásamt flutningi skv. kostnaðaráætlun vegna afmælishátíðar Laugarnesskóla. Jafnframt skorar hverfisráðið á SFS að standa veglega að 80 ára afmælishátíð Laugarnesskóla. Framkvæmdastjóra falið að koma þessu á framfæri.

Fundi slitið kl. 16:30

Heiðar Ingi Svansson (Sign)

Sandra Berg Cepero (Sign)
Kristín Elfa Guðnadóttir (Sign)

Bjarni Jónsson (Sign)
Einar Sörli Einarsson (Sign)